**Félag sjúkraþjálfara**
**Aðalfundur Félags sjúkraþjálfara 13. mars 2024**

**Borgartún 6 og fjarfundarforritið Teams, kl 17:00-18:30 16 félagar sátu fundinn auk eins starfsmanns**

**Kosning fundarstjóra og fundarritara:**

Gunnlaugur Már Briem formaður félagsins bíður gesti velkomna á aðalfund. Gunnlaugur stingur upp á Brynhildi Heiðar- og Ómarsdóttur sem fundarstjóra og Þóru Björgu Sigurþórsdóttur og Guðnýju Björgu Björnsdóttur sem fundarriturum og var það samþykkt.

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir fundarstjóri tók við stjórn fundar. Fundurinn telst löglegur, enda löglega til hans boðað. Fundurinn fer fram í Borgartúni 6 og í fjarfundarforritinu teams og fer hún yfir fyrirkomulagið á framkvæmd fundarins í þessu tvískipta kerfi.

**1. Skýrsla stjórnar og nefnda um störf félagsins á liðnu ári:**

Fundarstjóri gaf Gunnlaugi formanni orðið til að flytja skýrslu stjórnar og skýrslu kjaranefndar. Stiklað á stóru í starfi félagsins sl. ár. Skýrslurnar má sjá í heild sinni á innri vef félagsins, sjukrathjalfun.is

*Spurning frá Jóhönnu Marín Jónsdóttur:  Miðlægir samningar launþega renna út um næstu mánaðamót, er líklegt að samið verði fyrir þann tíma?*
*Svar frá Gunnlaugi Má Briem:* Það liggur ekki fyrir hvenær gengið verður frá samningum. Nokkur félög hafa hafið samningaviðræður og renna samningar þeirra félaga út á undan samningum launþega hjá Félagi Sjúkraþjálfara. Gerð verður krafa um afturvirkni ef samið verður eftir að samningar renna út.

Engar fleiri spurningar bárust um skýrslur stjórnar og kjaranefnda. Skýrslur annarra nefnda FS eru aðgengilegar á innri vef félagsins, og stiklar Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir á stóru í starfi nefndanna.

**2. Reikningsskil:**

Gjaldkeri FS, Kári Árnason, kynnti reikninga félagsins og fjárhagsstöðu. Reikningar félagsins eru aðgengilegir á innri vef FS.

Reikningar Gagnasjóðs, Vísindasjóðs kjaradeildar og kjarabaráttusjóðs kynntir.

Ársreikningur Félags sjúkraþjálfara kynntur og opnað fyrir spurningar.

*Spurning frá Guðjóni Gunnarssyni:* Spurning um Skuldir Gagna sem voru 14 milljónir en dregur spurningu til baka vegna misskilnings um stöðu sjóðsins.

*Svar frá Auði Ólafsdóttur sem situr í Gagnanefnd við spurningu Guðjóns:* Rekstrartapið skýrist af því að farið var í fjárfestingaverkefni vegna uppsafnaðrar tækniskuldar. Þessi upphæð var til fyrir þessu verkefni og ráðstafað sérstaklega í það.
*Spurning frá Auði Ólafsdóttur:* Af hverju er rekstrargjöld minnkuð hjá fræðslunefnd 2023 samanborið verið 2022?
*Svar frá Gunnlaugi Má Briem:* Árið 2023 kom fræðslunefnd út í halla sem rekja má að stóru leyti til þess að nefndin var á hrakhólum hvað húsnæði varðar eftir að hafa misst aðstöðu að Engjateig með tilheyrandi kostnaði. Auk þess var mikið framboð af námskeiðum.

*Spurning frá Auði Ólafsdóttur:* Gjaldliðurinn aðrar tekjur í rekstrarreikningi FS, hvað felur það í sér?
*Svar frá Gunnlaugi Má Briem:* Langstærsti hluti þessa liðs eru tekjur eftir Dag Sjúkraþjálfunar, hann nemur rúmlega 9 milljónum af 10 milljónum.

Ársreikningar félagsins eru bornir upp til samþykktar og eru samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

**3. Fjárhagsáætlun og ákvörðun félagsgjalda:**

Gunnlaugur kynnir tillögu stjórnar um óbreytt kjaradeildargjald: 1,1% af reiknuðu endurgjaldi sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara og af heildarlaunum launþega.

Kári Árnason, gjaldkeri FS, fer yfir fjárhagsáætlun 2025.
Opnað fyrir spurningar um tillögu um óbreytt kjaradeildargjald og fjárhagsáætlun.

*Engar spurningar bárust.*

Fjárhagsáætlun FS 2025 kynnt til samþykktar og er hún samþykkt af öllum fundarmönnum.

**4. Tillögur félagsstjórnar:**

Engar

**5. Kosning formanns og stjórnar:**

Formaður var kosinn í ár og er kjörtímabil 2 ár. Tveir gáfu kost á sér eða þeir Gunnlaugur Már Briem og Högni Friðriksson. Gunnlaugur Már Briem var kjörinn formaður.

Fríða Brá Pálsdóttir og Þóra Björg Sigurþórsdóttir eru kjörnar til 2025.

Guðný Björg Björnsdóttir og Kári Árnason gefa kost á sér áfram, og munu sitja til 2026.

Varamenn:
Hjörtur Ragnarsson og Kristín Rós Óladóttir eru kjörin til 2025.
Lagt til af fundarstjóra að á næsta ári verði gengið til kosninga um embætti þessara tveggja varamanna, einn til eins árs og annar til tveggja ára.

Engin mótframboð hafa borist og teljast þau sjálfkjörin.

**6. Kosning tveggja skoðunarmanna:**

Birna Björk Þorbergsdóttir og Gunnar Viktorsson gefa kost á sér áfram og engin mótframboð bárust og teljast þau því sjálfkjörin til 2026.

**7. Kosning í kjaranefnd félagsins:**

**Fyrir hönd launþega:**

Guðjón Gunnarsson er kjörinn til 2025.
Sara Guðmundsdóttir víkur úr nefnd vegna breytinga á starfsvettvangi og kemur Rósa Guðlaug Kristjánsdóttir varamaður inn í hennar stað.
Halldóra Eyjólfsdóttir, Heidi Andersen og Guðrún Día Hjaltested gefa kost á sér áfram.

Eitt framboð hefur borist til varamanns í kjaranefnd fyrir hönd launþega: Ásta Kristín Gunnarsdóttir en fyrir situr sem varamaður Magnea Heiður Unnarsdóttir.

Engin mótframboð bárust og teljast þau því sjálfkjörin.

**Fyrir hönd sjálfstætt starfandi:**

Jakobína Edda Sigurðardóttir og Valgeir Viðarsson eru kjörin til 2025.
Auður Ólafsdóttir, Haraldur Sæmundsson og Róbert Magnússon gefa kost á sér áfram.

Varamaður:
Styrmir Örn Vilmundarson víkur úr sæti varamanns. Tvö framboð bárust til varamanns í kjaranefnd fyrir hönd sjálfstætt starfandi: Sigurvin Ingi Árnason gefur kost á sér til tveggja ára og Magnús Birkir Hilmarsson gefur kost á sér til eins árs.

Engin mótframboð bárust og teljast þau því sjálfkjörin.

**8. Kosning í nefndir:**

Fagnefnd (kosin til 2ja ára):
Hildur Sólveig Sigurðardóttir og Fjóla Dröfn Guðmundsdóttir eru kjörnar til 2025.
Birna Ósk Aradóttir gefur ekki kost á sér til áframhaldandi starfa.
Ásdís Magnúsdóttir gefur kost á sér áfram.
Eitt framboð barst til setu í fagnefnd: Sigrún Matthíasdóttir gefur kost á sér.

Engin mótframboð bárust og teljast þær því sjálfkjörnar.

Siðanefnd (kosin til 3ja ára):
Berglind Helgadóttir er kjörin til 2026.
Katrín Freyja Skúladóttir gefur ekki kost á sér áfram svo tvö sæti aðlamanns eru laus.
Heiðbjört Tíbrá Kjartansdóttir situr sem varamaður í siðnefnd.

Tvö framboð bárust til sæta aðalmanns í siðanefnd: Erna Kristjánsdóttir og Margrét Sigurðardóttir.

Engin mótframboð bárust og teljast þær því sjálfkjörnar.

Uppstillinganefnd (kosin til 2ja ára):
Sigurður Sölvi Svavarsson og Hjalti Valur Þorsteinsson eru kjörnir til 2025.
Hjörtur Ragnarsson gefur kost á sér áfram í uppstillinganefnd.

Engin mótframboð bárust og teljast þeir því sjálfkjörnir.

Stjórn vísindasjóðs (skipuð af stjórn til 3ja ára):
Ásdís Kristjánsdóttir situr í stjórn vísindasjóðs til 2026
Bergþóra Baldursdóttir og Gunnar Svanbergsson gefa ekki kost á sér áfram.

Stjórn FS skipar í stjórn vísindasjóðs til tveggja ára Atla Ágústsson og til þriggja ára Unni Sædísi Jónsdóttur.

Fræðslunefnd (kosin til 3ja ára):
Kristjana Jónasdóttir situr í nefndinni til 2025.
Hefna Indriðadóttir, Fergus Matthews, Harpa D. Georgsdóttir og Arnar Freyr Hermansson sitja í nefndinni til 2026.
Varamenn í fræðslunefnd eru Daði Reynir Kristleifsson til 2025 og Friðný María Þorsteinsdóttir til 2026.

Stefán Ólafsson, Tómas Gunnar Tómasson og María Jóhanna Van Dijk gefa kost á sér áfram í fræðslunefnd.

Engin mótframboð bárust og teljast þau því sjálfkjörin.

Ritnefnd: (kosin til 2ja ára)
Kristín Reynisdóttir situr í ritnefnd til 2025.
Þóra Kristín Bergsdóttir gefur kost á sér áfram í ritnefnd.
Hjörtur Ragnarsson gefur ekki kost á sér áfram í ritnefnd.

Eitt framboð barst til sætis í ritnefnd: Sólveig Steinunn Pálsdóttir.

Engin mótframboð bárust og teljast þær því sjálfkjörnar.

Fræðilegritstjórn ritrýni (skipuð af stjórn til 3ja ára):

Þjóðbjörg Guðjónsdóttir er skipuð til 2025.
Guðný Lilja Oddsdóttir er skipuð til 2026.
Sólveig Ása Árnadóttir gefur kost á sér áfram og því skipuð til 2027.

Stjórn ákvað að fjölga meðlimum í fræðilegri ritnefnd um tvo.
Gunnlaugur Jónasson og Karl Fannar Gunnarsson taka sæti í fræðilegri ritnefnd og eru skipaðir til 2027.

Engin mótframboð bárust og teljast þau því sjálfkjörin.

Stjórn Gagna sjóðs (skipuð af stjórn til 2ja ára):
Haraldur Sæmundsson er skipaður til 2025.
Auður Ólafsdóttir og Ragnar Friðbjarnarson gefa kost á sér áfram.

Stjórn kjarabaráttusjóðs (skipuð af stjórn til 3ja ára):
Elís Þór Rafnsson (til 2025) og Unnur Árnadóttir (til 2026) skipa stjórn kjarabaráttusjóðs. Gísli Vilhjálmur Árnason var einnig skipaður í stjórn kjarabaráttusjóðs til 2027 stuttu eftir aðalfund.

Engin mótframboð bárust til setu í nefndum félagsins og voru öll framboð samþykkt.

**9. Lagabreytingar:**

**Lagabreytingar stjórnar lagðar fram í heild sinni:**

*Athugasemd frá Guðnýju Björgu Björnsdóttur:* Þarf ekki að breyta orðinu ungfélagaaðild í 9. grein, í nemaaðild til að gæta samræmis við aðrar breytingar s.s. í 4. gr þar sem talað er um nemaaðild.

*Samþykkt að leggja fram eftirfarandi breytingatillögu: Ungfélagaaðild í 9. gr. verði að nemaaðild.*

*Spurning frá Auði Ólafsdóttur:* Af hverju er skipuð sérstök nefnd sem stýrir formannskjöri?
*Svar frá Gunnlaugi Má Briem:* Stjórn þakkar fyrir ábendinguna. Stjórn hefur ekki skoðað þetta sérstaklega þar sem ekki hafi komið til formannskjörs í tíð núverandi stjórnar áður, þetta sé eitthvað þyrfti að skoða.
*Svar frá Brynhildi Heiðar- og Ómarsdóttur:* Kjörstjórn er valin af stjórnarfólki sem ekki er til kjörs svo það hafi ekki áhrif á eigin kjör. Viljum ekki að fólk í kjörstjórn sinni öðrum trúnaðarstörfum innan félagsins.
Vísað til stjórnar að halda áfram endurskoðun á lögum félagsins og koma með fleiri breytingartillögur á næsta aðalfundi.

*Spurning frá Auði Ólafsdóttur: Má skipta út*

*Spurning frá Auði Ólafsdóttur:* Í 4. gr. kemur fram eftirfarandi texti: “Rétt til fagaðildar eingöngu eiga þeir sjúkraþjálfarar sem eru með íslenskt starfsleyfi en starfa ekki eftir þeim kjara- og verktakasamningum sem félagið hefur gert fyrir hönd sjúkraþjálfara. Er hægt að breyta orðunum “hefur gert” í “gerir”?
*Svar frá Brynhildi Heiðar- og Ómarsdóttur:* Þessi breyting varðar rétt til félagsaðildar og þarf að íhuga vel áður en breytingar eru gerðar.

*Svar frá Auði Ólafsdóttur:* Tillaga að stjórn skoði þessa orðanotkun fyrir næsta aðalfund.

*Svar frá Gunnlaugi Má Briem:* Stjórn hefur móttekið þá tillögu.

*Lagabreytingar samþykktar með 13 atkvæðum, 1 sat hjá*
*Lagabreytingatillaga á lagabreytingatillögu samþykkt með öllum atkvæðum*
*Breyting í heild sinni samþykkt með öllum atkvæðum*
*Lög félags sjúkraþjálfara í heild sinni samþykkt með öllum atkvæðum*

**10. Önnur mál:**

Engin önnur mál

Fundi slitið.